

8. gr.

Ráðherra getur í auglýsingu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar reglugerðar.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 433

17. september 1987

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987-1988 nr. 445 29. október 1986.

1. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, 12. gr. A, svohljóðandi:

Skerða skal fullvirðisrétt, sem reiknast skv. ákvæðum þessa kafla, taki framleiðandi út ófryst kjöt og slátur úr afurðastöð umfram eftirfarandi mörk:

1. Framleiðandi á lögbýli getur tekið allt að 60 kg af ófrystu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu fyrir hvern heimilismann sem hafði þar lögheimili 1. desember 1986 skv. þjóðskrá.
2. Framleiðandi utan lögbýlis getur tekið allt að 60 kg af ófyrstu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu.

Taki framleiðandi út meira magn úr afurðastöð en um getur í 1. og 2. tl. 1. mgr., skerðist fullvirðisréttur hans um það magn og jafnframt skerðist heildarfullvirðisréttur til framleiðslu á kindakjöti sbr. 2. gr. um sama magn. Óheimilt er að taka kjöt út úr afurðastöð eftir að það hefur verið fryst. Heimild til að taka út kjöt eftir ákvæðum þessarar greinar án þess að það skerði fullvirðisrétt viðkomandi framleiðanda, fellur niður hjá þeim aðilum sem slátra utan afurðastöðvar.

Afurðastöðvum er skylt að halda sérstaka skrá yfir allt heimtekið kjöt, þar sem fram koma allar sömu upplýsingar og um innlagt kindakjöt. Skrár þessar skal senda Framleiðsluráði landbúnaðarins með sláturskýrslum og skal það annast útreikninga er sýna breytingu fullvirðisréttar skv. reglum þessum og tilkynna það viðkomandi afurðastöð áður en fullnaðaruppgjör fer fram skv. 12. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að merkja allt kjöt sem tekið er út úr afurðastöð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með stimpli sem á stendur „HEIMTEKIÐ KJÖT — EKKI SÖLUVARA“. Stimpla skal skrokka á sex stöðum alls. Hvorn helming skal stimpla á þremur stöðum, á bóg, hrygg og læri.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. september 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.